

10. gr.

Skólanefndir og bæjarstjórnir (fræðsluráð) annast eftirlit með því, að framan- greindum reglum verði fylgt. Heimilt er skólanefnd eða bæjarstjórn (fræðsluráði) að fela skólastjóra eða öðrum, er hann samþykkir, að annast það.

113

18. sept.

11. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 18. september 1958.

Gylfi P. Gíslason.

Birgir Thorlacius

Stjórnartíðindi 1958, B. 8.

REGLUGERÐ

114

19. ágúst

um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

1. gr.

Húsnæðismálastofnun ríkisins er sjálfstæð ríkisstofnun, sem heyrir undir félags- málaráðuneytið. Húsnæðismálastjórn veiti húsnæðismálastofnunni forstöðu, saman- ber 1. gr. laga nr. 42/1957 og 14. gr. þessarar reglugerðar.

2. gr.

Verkefni Húsnæðismálastofnunar ríkisins er að beita sér fyrir og vinna að umbótum í byggingarmálum og lækkun á byggingarkostnaði, hafa á hendi stjórn Byggingarsjóðs ríkisins og yfirumsjón lánsfjáröflunar og lánveitinga til íbúðabygg- inga í landinu.

3. gr.

Stofnunin skal gera grein fyrir raunverulegri þörf landsmanna fyrir íbúðabygg- ingar á hverjum tíma eftir því sem við verður komið og gera tillögur og áætlanir um, hvernig þeirri þörf verði fullnægt á sem hagkvæmastan hátt og með minnstum tilkostnaði.

4. gr.

Stofnunin skal gangast fyrir tæknirannsóknunum, tilraunum og kynningu nýjunga í byggingariðnaði, svo og sýningum, námskeiðum, útgáfu rita, heimsóknunum erlendra sérfræðinga og náms- og kynnisferðum íslenzkra byggingarmanna til útlanda.

5. gr.

Stofnunin skal koma á fót og annast leiðbeiningastarf í því skyni að lækka bygg- ingarkostnað og koma á hvers konar umbótum í húsagerð og vinnutækni við bygg- ingu íbúðarhúsa, leggja áherzlu á stöðlun (standariseringu) sem flestra hluta til íbúðarhúsabygginga, fjöldaframleiðslu slíkra hluta og leiðbeiningar til húsbyggjenda um notkun þeirra, enn fremur byggingu tilraunahúsa, þar sem reyndar verði nýjungar í húsagerð.

6. gr.

Stofnunin skal beita sér fyrir endurskoðun byggingarsamþykta, eftir því sem þörf krefur. Hún skal semja og gefa út reglur um lágmarkskröfur um byggingar,

114 sem lán eru veitt til, svo sem lágmarkseinangrun, lágmarkslofthæð o. s. frv., svo og leiðbeiningar um undirbúning teikninga og áætlana. Enn fremur skal stofnunin beita sér fyrir útvegum hagkvæmra íbúðateikninga.

7. gr.

Stofnunin skal beita sér fyrir því, að úthlutun lóða tefji ekki, að byggingar geti hafizt. Er henni heimilt að láta undirbúa byggingu íbúðarhúsa hverfa í kaupstöðum, með því að láta gera skipulagsupprætti af þeim í samráði við skipulagsnefnd ríkisins. Þegar slíkir skipulagsupprættir hafa verið samþykktir af skipulagsnefnd og félagsmálaráðherra, er viðkomandi bæjarfélagi skylt að heimila byggingarnar og láta af hendi eða útvega landsvæði fyrir þær, ef með þarf eignarnámi, og fer um eignarnám samkvæmt lögum nr. 61 frá 1917. Sömuleiðis er viðkomandi bæjarfélagi skylt að leggja nauðsynlega vegi og leiðslur um slík hverfi innan hæfilegs tíma að mati húsnæðismálastjórnar og félagsmálaráðherra.

8. gr.

Stofnunin skal fylgjast nákvæmlega með byggingarkostnaði í landinu í því skyni að finna, hverjir byggja ódýrust hús, hvaða gerðir íbúðarhúsa reynast bestar og hagkvæmastar, og með hvaða hætti þeim verði komið upp með minnstum kostnaði.

Í þessu skyni skal stofnunin láta fara fram samkeppni um upprætti og byggingu hagkvæmra íbúða og veita lán þeim, sem geta tekið að sér að byggja hagkvæmar íbúðir af ákveðinni meðalstærð með minnstum kostnaði, eða láta Byggingarsjóð ríkisins standa straum af framkvæmdum við byggingu slíkra íbúða, sem stofnunin óskar að ráðast í til lausnar á húsnæðisvandamálum almennings.

Þá skal stofnunin setja þau skilyrði fyrir lánnum, sem telja má að stuðli að því, að byggðar verði fyrst og fremst hagkvæmar íbúðir af hóflegri stærð, beita sér fyrir því, að vinna við íbúðabyggingar sé sem samfelldust árið um kring og sem jöfnust frá ári til árs og beita sér fyrir lækku á verði byggingarefnis, með því meðal annars að stuðla að hagkvæmum innkaupum.

9. gr.

Við lausn þeirra mála er stofnunin hefur með höndum, er henni heimilt að leita samvinnu við hvern þann aðila, sem hefur sérþekkingu á þeim málum, og er opinberum aðilum skylt að veita stofnuninni hverjar þær upplýsingar, sem hún óskar.

Enn fremur er stofnuninni heimilt að óska eftir, að félagsmálaráðherra skipi nefnd sérfróðra manna henni til aðstoðar og ráðuneytis um tæknileg mál.

10. gr.

Stofnunin skal ár hvert gefa út opinbera skýrslu um íbúðabyggingar í landinu, er m. a. sýni, hver árangur hafi náðst með ráðstöfun hennar til að lækka byggingarkostnað og greiða fyrir byggingu hagkvæmra íbúða.

11. gr.

Í húsnæðismálastjórn eiga sæti fimm menn, fjórir kosnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi og einn skipaður af félagsmálaráðherra samkvæmt tilnefningu Seðlabankans, en hann hefur eigi atkvæðisrétt um lánveitingar. Varamenn eru jafn margir og valdir á sama hátt. Félagsmálaráðherra skipar formann stjórnarinnar, en að öðru leyti skiptir hún með sér verkum.

12. gr.

Húsnæðismálastjórn skal koma saman til fundar svo oft, sem þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en vikulega. Formaður skal ávallt boða til fundar, ef einn stjórnar-

manna óskar þess. Til allra ákvarðana þarf samþykki meiri hluta stjórnarinnar á **114**
fundi, samanber þó ákvæði 11. greinar reglugerðar þessarar um atkvæðisrétt um **19. ágúst**
lánveitingar og ákvæði sérstakrar reglugerðar um afgreiðslu lánaumsókna.

13. gr.

Félagsmálaráðherra skipar stofnuninni framkvæmdastjóra að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar.

Laun framkvæmdastjóra og þóknun til húsnæðismálastjórnar eru ákveðin af félagsmálaráðherra og greiðast úr ríkissjóði, en annar kostnaður stofnunarinnar greiðist úr Byggingarsjóði ríkisins.

14. gr.

Framkvæmdastjóri hefur á hendi framkvæmdastjórn stofnunarinnar í umboði húsnæðismálastjórnar. Hann ber ábyrgð á daglegum störfum í stofnuninni og að góð regla sé á öllum framkvæmdum hennar. Hann sér um undirbúning lánaumsókna í hendur húsnæðismálastjórnar og viðskipti hennar við veðdeild Landsbanka Íslands og umsækjendur í samráði við formann stjórnarinnar.

Framkvæmdastjóri ræður starfsfólk til stofnunarinnar og segir því upp starfi, en félagsmálaráðherra ákveður tölu starfsfólksins og launakjör þess.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 42 1. júní 1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla l. nr. 36/1952 o. fl., til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 19. ágúst 1958.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð séra Péturs T. Oddssonar, prófasts að Hvammi í Dölum, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- **115**
málaráðherra 1. september 1958. **1. sept.**

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð séra Péturs T. Oddssonar, prófasts.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður séra Péturs T. Oddssonar, prófasts að Hvammi í Dölum.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af sóknarbörnum og vinum séra Péturs í Dalaprófastsdæmi til að halda uppi minningu hans.

3. gr.

Eign sjóðsins er nú kr. 6748.16 og er geymd í sparissjóðsbók nr. 2289 í Sparissjóði Dalasýslu. Skal fé þetta jafnan ávaxtað á tryggilegan hátt.